

**Sp.**

**981. Svar**

[347. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Alexanders Stefánssonar um lífeyrissjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildartekjur allra lífeyrissjóða í landinu árin 1984, 1985, 1986 og 1987, sundurliðað á hvert ár?*
2. *Hverjar eru ráðstöfunartekjur allra lífeyrissjóða í landinu sömu ár og hvernig var því fjármagni ráðstafað, sundurliðað á hvert ár?*
3. *Eru í gildi samræmdar reglur um upplýsingaskyldu, uppgjör og skil lífeyrissjóða og hvernig er háttáð opinberu eftirliti og upplýsingaöflun um starfsemi lífeyrissjóða í landinu?*

Rétt er að vekja athygli á því að þær upplýsingar, sem um er beðið, liggja ekki allar fyrir. Hjá Landssambandi lífeyrissjóða er nú unnið að samantekt á lífeyrissjóðum innan sambandsins en ekki er að vænta niðurstöðu fyrr en seinna á árinu. Hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða liggja þessar upplýsingar ekki heldur fyrir. Seðlabanki Íslands safnar upplýsingum sem lúta að greiðsluflæði og efnahag. Skýrslur um greiðsluflæðið er hægt að nota til að finna ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Einnig liggja fyrir upplýsingar hjá Seðlabanka Íslands er sýna innborgaðar vaxtatekjur og iðgjöld lífeyrissjóðanna, en þetta eru tvær aðaltekjulindir lífeyrissjóða. Jafnframt má geta þess að Seðlabankinn birtir tölur um greiðslufirlit lífeyrissjóða í *Hagtölum mánaðarins*, IV. kafla, 4. töflu. Svör við spurningum í 1. og 2. töflu fyrirspurnarinnar eru byggð á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, en rétt er að geta þess að áætla hefur þurft tölur þar sem ekki hafa borist upplýsingar frá öllum lífeyrissjóðum. Hér á eftir fara svör við fyrirspurninni að því marki sem hægt er að svara henni.

**Svar við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.**

(Upphæðir í þús. kr.)

Ár	Innborgaðar vaxta- tekjur og iðgjöld	Ráðstöfunarfé
1984	3 610	3 080
1985	5 410	4 760
1986	7 500	6 860
1987	10 100	9 800

**Svar við 3. lið fyrirspurnarinnar.**

Engar samræmdar reglur eru til um upplýsingaskyldu, uppgjör og skil lífeyrissjóða. Hins vegar eru flestar reglugerðir lífeyrissjóðanna samþykktar af fjármálaráðuneytinu að fenginni umsögn tryggingafræðings. Auk þess safnar Seðlabanki Íslands upplýsingum um greiðsluflæði og efnahag hjá lífeyrissjóðunum eins og greint er frá hér að framan. Löggjafarvaldið hefur ekki sett sérstök lög um starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar eru í gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. lög nr. 58/1985. Félagsmálaráðherra hefur gefið út reglugerð með stöð í lögum nr. 55/1980 og er hún nr. 194/1981. Að lokum má geta þess að í 32. gr. laga nr. 13/1982 eru ákvæði um hvernig lífeyrissjóður skuli ráðstafa ráðstöfunarfé sínu.